



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rúnar Dýrmundur Bjarnason
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2006
Tilvisun: UST20060400009/sf

Þorskeldi Salar Islandica ehf í sjókvíum í Berufirði. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.


Fyrirtækið Salar Islandica hefur starfsleyfi fyrir 8000 tonna ársframleiðslu á eldislaxi í kvíum í Berufirði. Fyrirtækið óskar nú eftir því að fá leyfi til breytinga á framleiðslunni, þ.e. að fyrirtækið fái heimild til framleiðslu á 7000 tonnum af eldislaxi á ári og 1000 tonnum af þorski á ári. Því er um að ræða breytingu á eldistegund en framleiðslumagn verður hið sama og áður. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að engar breytingar verði á losun lífrænna næringarefna út í umhverfið þar sem notast verði við þurrfóður eins og tíðkist í laxeldi fyrirtækisins í Berufirði.


Umhverfisstofnun telur að framangreind breyting á fiskeldi í Berufirði muni ekki hafa í för með sér aukið mengunarálag. Að mati stofnunarinnar eru því ekki líkur á að eldi á 7000 tonnum af laxi og 1000 tonnum af þorski á ári muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Vegna hættu á stroki í þorskeldi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fylgst verði með styrkleika kvía og þess gætt að í þeim sé ekki veikleiki.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun ber rekstraraðila að veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Útgefandi metur upplýsingarnar innan 4 vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi og ber þá umsækjanda að leggja fram umsókn þess efnis til útgefanda starfsleyfis. Framangreinda breytingu á fiskeldi í Berufirði ber því að tilkynna til Umhverfisstofnunar í samræmi við 18. gr. framangreindrar reglugerðar.

Viðfangarfullt


Sigrún Friðriksdóttir
staðgengill forstöðumanns


Ólafur A. Jónsson
sérfræðingur